

3. gr.

Hafi skoðunarstofa II eða endurskoðunarverkstæði, þar sem skoðunarstofa annast ökutækjaskoðun, tæki til að mæla hemlunarvirgni í akstri (hemlunarklukku) er skoðunarstofunni eða endurskoðunarverkstæðinu heimilt að skoða bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd og notuð er í sérstök verkefni, enda sé vegalengd frá skoðunarstað að skoðunarstofu I meiri en 50 km og fyrir liggja skriflegt vottorð lögreglu um að bifreiðin sé aðeins notuð á afmörkuðu svæði.

Slökkvibifreið, kranabifreið, námubifreið og beltabifreið má skoða með hemlunarklukku og öðrum tiltækum tækjum án þess að hún sé flutt til skoðunarstofu.

Í skoðunarvottorði skal tilgreina ef hemlunarvirgni ökutækis er mæld í akstri.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 31. desember 1998 er heimilt að:

- skoðunarstofur á skoðunarsvæði í Norðurlandskjördæmi vestra og Austurlandskjördæmi séu í flokki II,
- skoða bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd á skoðunarstofu II sem hefur tæki til að mæla hemlunarvirgni í akstri, sbr. 3. gr., enda sé fjarlægð að næstu skoðunarstofu I yfir 35 km,
- skoðunarstofa II, endurskoðunarverkstæði og annað verkstæði, þar sem skoðunarstofa annast skoðun ökutækja, og skoðunarstofa I utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar, sé ekki búin tæki til að mæla reykþykkni frá dísilhreyfli bifreiðar,
- endurskoðunarverkstæði og annað verkstæði, þar sem skoðunarstofa annast skoðun ökutækja, sé ekki búin hreyfiplötu og hljóðstyrksmæli.
- skoðunarstofur utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar, endurskoðunarverkstæði og önnur verkstæði þar sem skoðunarstofa hefur annast skoðun ökutækja, séu ekki búin tæki til að mæla súrefni í útblæstri og reikna út lofttölu (lambdagildi).

Til 31. desember 2005 er heimilt að skoðunarstofur á skoðunarsvæði í Vestfjarðakjördæmi séu í flokki II, enda verði séð fyrir viðunandi aðstöðu til að mæla hemlun ökutækja sem eru yfir 3.500 kg.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 625/1994, sbr. samþykkt nr. 469/1995.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 62. gr. samþykktarinnar og breytast númer annarra tölulíða til samræmis:

- a. 24. tölul. verður 13. tölul. og orðast svo:
Fimm menn í *jafnréttisnefnd* og fimm til vara skv. 13. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
- b. 25. tölul. verður 16. tölul. og orðast svo:
Fimm menn í rafveitunefnd og fimm til vara skv. orkulögum nr. 58/1967 og reglugerð um rafveitu Hafnarfjarðar.
- c. 18. tölul., er verður 20. tölul., orðast svo:
Fimm menn í *vímuvarnarnefnd* og fimm til vara, sbr. samþykkt bæjarstjórnar frá 19. júní 1990.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur gert skv. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. júní 1998.

F. h. r.

Sturlaugur Tómasson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 380

REIKNINGUR

**Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1997.**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1997.

Tekjur		kr.
Vextir af bankainnstæðum		<u>3.003,57</u>
		3.003,57
Gjöld		
Tekjur umfram gjöld		<u>3.003,57</u>
		3.003,57

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1997.

Eignir		
Bankainnstæður		<u>59.381,05</u>
		59.381,05
Skuldir		
<i>Höfuðstólsreikningur:</i>		
Hrein eign pr. 1. janúar 1997	kr.	56.377,48
Hreinar tekjur árið 1997	kr.	3.003,57
		<u>59.381,05</u>
		59.381,05

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 1998.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.